
FRAMLEIÐSLUUKNING FISKELDISSTÖÐVAR VIÐ KALMANSTJÖRN, REYKJANESBÆ

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 20. maí 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga Benchmark Genetics að matsáætlun vegna framleiðsluaukningar fiskeldisstöðvarinnar við Kalmanstjörn, Reykjanesbæ samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.24 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Stækkun fiskeldis Benchmark Genetics við Kalmanstjörn. Tillaga að matsáætlun. Mat á umhverfisáhrifum. Benchmark Genetics Iceland og Verkís, maí 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Reykjanesbæ dags. 1. júní 2021.
- Fiskistofu dags. 11. júní 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja dags. 4. júní 2021.
- Matvælastofnun dags. 28. maí 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 4. júní 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 7. júní 2021.
- Orkustofnun dags. 16. júní 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 18. júní 2021.
- Veðurstofu Íslands dags. 14. júní 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 4. og 15. júní, 1. og 27. júlí 2021.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Benchmark Genetics eru kynnt áform um framleiðsluaukningu úr 200 tonnum á ári í 600 tonn á ári, samhliða aukinni grunnvatnsvinnslu sem eykst úr 800 L/s í 1.500 L/s.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Benchmark Genetics eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.



Hámarkslífmassi

Í umsögnum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar er bent á nauðsyn þess gerð verði grein fyrir hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma.

Skipulagsstofnun tekur undir með Matvælastofnun og Umhverfisstofnun og telur brýnt að í frummatsskýrslu komi fram hver heildarframléiðsla verði á hverju ári sem og hver hámarkslífmassi verði í stöðinni á hverjum tíma.

Grunnvatnsnotkun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að á athafnasvæði Benchmark Genetics við Kalmanstjörn séu níu borholur til vinnslu grunnvatns og vatnstaka úr þeim nemi um 800 L/s. Til að mæta aukinni framléiðslu í eldisstöðinni sé gert ráð fyrir að bora þurfi tvær nýjar vinnsluholur og auka grunnvatnsvinnslu (ísalt vatn og jarðsjór) á svæðinu um 700 L/s. Þannig muni Benchmark Genetics sækja um nýtingarleyfi fyrir allt að 1.500 L/s meðalrennsli af grunnvatni á ári.

Fram kemur að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir grunnvatni á svæðinu við Kalmanstjörn, vatnsvinnslu Benchmark Genetics til þessa og fyrirhugaðri vinnslu úr nýjum borholum á lóð fyrirtækisins. Lagt verði mat á hvaða áhrif fyrirhuguð aukning á vinnslu jarðsjávar hafi á grunnvatnsstrauma sem renni til fjörunnar við Kalmanstjörn. Umfjöllunin muni byggja á fyrirbyggjandi gögnum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að fyrirhuguð sé stóraukin vatnstaka á svæði þar sem grunnvatnsgeymir sé nú þegar undir álagi vegna vatnstöku. Á Reykjanesi flýtur ferskvatnslinsa á jarðsjó og þannig geti breytt grunnvatnsstaða valdið verulegri röskun á gæðum vatnsins og sjór jafnvel borist í grunnvatnið sé ekki gætt vel að sjálfbærri nýtingu. Því er mikilvægt að vel sé staðið að raunvöktun grunnvatnsstöðu og gerð grunnvatnslíkana.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ísalt vatn og jarðsjór sé notað til framléiðslunnar í eldisstöðinni, en ekki ferskvatn með neysluvatnsgæðum. Fylgst sé vel með núverandi vinnslu á svæðinu og svo verður gert áfram eftir að vinnslan verður aukin. Samkvæmt nýlegri skýrslu Veðurstofu Íslands fellur talsvert meiri úrkoma/írennsli til grunnvatnshlotsins Reykjanes, sem Kalmanstjörn tilheyrir, en sem nemur þekktri grunnvatnsvinnslu á því svæði. Um þetta verður fjallað í frummatsskýrslu með tilliti til fyrirhugaðrar vinnslu grunnvatns til eldisins.

Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á að ekki sé ljóst hvort álag vegna vatnstökunnar verði jafndreift eða hvort vænta megi meiri vatnstöku á ákveðnum tímum framléiðslunnar. Þá er ekki greint frá því hvar fyrirhuguð aukning vinnslu ísalts vatns og jarðsjávar verði staðsett. Ferskt grunnvatn liggja ofan á saltvatni og eru slíkir veitar viðkvæmir fyrir röskun. Mikil vatnstaka gæti raskað því jafnvægi sem er til staðar. Mikilvægt sé að sjá með skýrum hætti hvar mörk hinna mismunandi svæða liggja (brunnsvæða, grannsvæða og fjarsvæða). Þá er mikilvægt að gera grein fyrir aðrennissvæði þeirra borhola sem munu verða notaðar vegna framléiðslunnar. Mun nánar þarf að gera grein fyrir þeirri staðhæfingu að engin annar noti grunnvatn á svæðinu, m.a. í ljósi þess að ekki er gerð grein fyrir aðrennissvæði né heldur mögulegu áhrifasvæði. Þá er ekki nægilega skýrt hvað er átt við með „á svæðinu“. Sem dæmi má nefna að þéttbýlið Hafnir er í nágrenninu, en sé það utan sama aðrennissvæðis þarf að gera grein fyrir því.

Þá bendir Veðurstofan á að ekki liggja fyrir hver sé núverandi notkun ferskvatns vegna starfseminnar eða hver fyrirhuguð aukning verði á henni. Líklegt sé að umfang þess sé ekki mikið, en mikilvægt er þó að slíkt komi fram. Veðurstofan telur mikilvægt að vakta ástand veitisins, t.d. með mögulegum niðurdrætti á svæðinu og breytingum á seltustigi brunnanna. Fiskeldi er í miklum vexti á þessu svæði og því lögð áhersla á að settir verði fram gæðastaðlar, viðmið og viðbragðsáætlun þannig að tryggt sé að ferskvatnsveitirinn anni þeirri vatnstöku sem áætluð er. Sérstaklega þurfi að meta möguleg áhrif, t.d. yfir lengri þurrkatíma og þegar nýting er í hámarki, og þá hvort slíkt geti haft



áhrif á aðgengi vatns og framleiðslu fyrirtækisins, sem og þær aðgerðir sem gripið verði til komi til álags umfram þau gæðaviðmið sem eðlilegt mætti telja að sett væru fram.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vegna skilmála í leigusamningi verður ekki séð að önnur starfsemi komi til greina í næsta nágrenni við núverandi starfsemi Benchmark. Ofdæling á jarðsjó myndi einungis koma niður á starfsemi fyrirtækisins. Fyrir liggur að eldisstöð Benchmark Genetics er eina starfsemin á svæðinu við Kalmanstjörn. Um 8 km sunnar er annað fiskeldi starfrækt innan orkuvinnslusvæðis nærri Reykjanesvita. Frá fjörunni við Kalmanstjörn eru um 3 km að syðstu mörkum grannsvæðis vatnsbóls Hafna og um 4 km að vatnsbólinu sjálfu. Grannsvæði vatnsverndar fyrir vatnsból austan við Hafnir sé á Hafnaheiði. Fjarsvæði vatnsbóls Hafna teygi sig langleiðina að Vogum á Vatnsleysu og er vatnasvið vatnsbólsins því víðfeðmt, en liggur fjarri athafnasvæði við Kalmanstjörn. Skilgreind vatnsverndarsvæði gefa til kynna hvaðan rennsli að brunnsvæði kemur. Mjög ólíklegt er að aukin vatnsvinnsla á lóð eldisstöðvarinnar hafi áhrif á gæði vatnsbóls Hafna. Ferskvatn fyrir starfsmannaaðstöðu er tekið úr einni borholu austan við eldisstöðina og gerir framkvæmdin ekki ráð fyrir að vinnsla þess verði aukin. Eftir atvikum verður setning gæðastaðla, viðmiða og gerð viðbragðsáætlunar væntanlega hluti af undirbúningi leyfis Benchmark Genetics til nýtingar grunnvatns. Næst Kalmanstjörn er Benchmark Genetics með landeldi að Kirkjuvogi og Seljavogi í Höfnum (hámarkslífmassi 90 tonn og 2,8 tonn). Ekki stendur til að breyta því umfangi á næstunni. Frá árinu 2012 hefur Stolt Sea Farm haft leyfi til 2.000 tonna ársframleiðslu innan orkuvinnslusvæðis nærri Reykjanesvita og hefur áform um að hefja tilraunaeldi á nýrri tegund, samtals allt að 30 tonn. Í nágrenni Kalmanstjarnar hefur því verið minniháttar aukning í umfangi fiskeldis á undanförunum árum. Vatnsrennsli um eldisstöðina er breytilegt innan árs. Í frummatsskýrslu verður fjallað nánar um þann þátt. Í nýlegri skýrslu Veðurstofu Íslands eru grunnvatnshlot á Reykjaneskaga skilgreind og fellur svæðið við Kalmanstjörn innan grunnvatnshlotsins Reykjanes. Í skýrslunni er birt áætlun um árlega úrkomu/írennsli til grunnvatnshlotsins og þekkt vatnstaka úr vatnshlotinu (rennsli L/s). Upplýsingarnar verða nýttar til þess að leggja mat á líkleg áhrif fyrirhugaðrar vatnsvinnslu eldisstöðvarinnar á magnstöðu grunnvatnshlotsins og gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að ekki kemur fram í gögnum framkvæmdaraðila hver sé áætluð hámarksupptaka hverju sinni. Orkustofnun telur að við greiningu á áhrifum vatnsupptöku þurfi einnig að fjalla um þann þátt. Aukin ásókn fiskeldisfyrirtækja í ísalt og salt grunnvatn hefur verið mjög áberandi undanfarin misseri og víða hættir við ofnýtingu auðlindarinnar ef áframhald verður þar á. Afleiðingar ofdælingar eins aðila geta því skert möguleika annarra aðila til sambærilegrar starfsemi og komið í veg fyrir hugsanlega nýtingu fersku grunnvatnslinsunnar til annarrar starfsemi. Brýnt sé að við undirbúning fyrir mat á umhverfisáhrifum á nær tvöföldun á vatnsupptöku frá núverandi starfsemi, fari fram ítarleg greining á áhrifum af öflun grunnvatns. Telur Orkustofnun að framkvæmdaraðili þurfi að sýna fram á að hægt verði að auka vatnstöku þetta mikið án skaðlegra áhrifa á grunnvatnsgeyminn. Leggur stofnunin því áherslu á að í frummatsskýrslu verði fjallað um áhrif núverandi og aukinnar dælingar grunnvatns, hvort sem það er ferskt, ísalt, eða saltur jarðsjór, ásamt hugsanlegri nýtingu jarðhitavatns.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu þekkt áform um fiskeldi annarra aðila við Kalmanstjörn en það sem Benchmark Genetics starfrækir. Fyrirhuguð vatnsvinnsla við Kalmannstjörn, eftir stækkun eldisins, er sáralítill í samanburði við fyrirhugaða vinnslu við Þorlákshöfn, en umfangsmikil vinnsla þar er talin geta haft áhrif á vatnsvinnslu á samliggjandi iðnaðarlóðum, en ekki vatnsból í um 2 km fjarlægð frá eldinu. Ef til þess kæmi að áformuð aukin vinnsla á ísöltu vatni og jarðsjó við Kalmanstjörn leiddi til ofdælingar má telja útilokað að það kæmi niður á eldisstarfsemi Stolt Sea Farm eða nýtingu vatnsbólsins við Hafnir. Því telur Benchmark Genetics að hugleiðingar Orkustofnunar um áhrif ofdælingar á möguleika annarra aðila til fiskeldis eða nýtingu ferskvatns eigi ekki við í tilfelli fyrirhugaðrar stækkunar eldisins við Kalmanstjörn.



Með hliðsjón af ábendingum Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands telur Skipulagsstofnun brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum aukinnar vatnstöku á grunnvatn á svæðinu og mögulegum áhrifum á næstu vatnsból. Skipulagsstofnun telur ekki nægjanlegt að byggja mat á áhrifum á grunnvatn einvörðungu á þeim fyrirbyggjandi gögnum sem vísað er til í tillögu að matsáætlun. Skipulagsstofnun telur vafasamt að bera aðstæður við Kalmanstjörn við Þorlákshafnarsvæðið þar sem Ölfus- og Selvogsstraumar flytja gríðarmikið ferskvatn af miklu úrkomusvæði til sjávar. Þá telur Skipulagsstofnun vanta rök fyrir þeirri fullyrðingu að útilokað væri að ofdæling kæmi niður á eldisstarfsemi Stolt Sea Farm, við Reykjanesvirkjun, eða nýtingu vatnsbólins við Hafnir. Fyrir liggur að grunnvatnsvinnsla eykst umtalsvert og kann að vera hættu á að ísaltur eða saltur jarðsjór blandist ferskvatnslinsunni við niðurdrátt. Vegna þessarar miklu aukningar er mikilvægt að í frummatsskýrslu liggi fyrir skýrar niðurstöður úr líkanrannsóknum um þessi áhrif.

Gera þarf sérstaklega grein fyrir hvaða áhrif aukin vatnsstaka í mikilli þurrkatíð hefur á vatnsból Hafna og hvort og þá hvernig aðdráttur breytist í langvarandi þurrkum. Gera þarf grein fyrir því hvernig vatnstakan og álag af henni dreifist yfir árið og hvernig megi búast við að svæðið svari aukinni vatnsvinnslu. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvaða áhrif aukin dæling á söltu og ísöltu vatni hafi á lagskiptingu grunnvatns á svæðinu. Gera þarf grein fyrir því hvort aukin nýting Benchmark hafi hamlandi áhrif á nýtingu ferskvatns á svæðinu til annarra nota. Hvorki liggur fyrir hvert aðrennslissvæði vatnstökunnar er né heldur mögulegt áhrifasvæði hennar en hvoru tveggja þarf að upplýsa í frummatsskýrslu.

Jafnframt þarf að gera grein fyrir hversu langt áhrifa af aukinni vatnstöku gætir. Einkum með hliðsjón af lægstu stöðu grunnvatns í langvarandi þurrkum og áhrifum á önnur vatnsból og aðra stórnotendur sem notast við grunnvatn úr sama grunnvatnshloti.

Fráveita

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að þó auka eigi framleiðslu sé gert ráð fyrir að frárennslis eldisstarfseminnar verði með sama hætti, þ.e. að ómeðhöndluðu fráveituvatni verði veitt í fjöru. Vegna sjógangs á svæðinu, er ekki gerlegt að uppfylla ákvæði reglugerðar um að veita skólpi 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Vegna landfræðilegra aðstæðna er því gert ráð fyrir að sækja um undanþágu frá því fyrirkomulagi á grundvelli reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að áform um aukna vinnslu grunnvatns er nærri því tvöföldun á núverandi vinnslu. Stofnunin telur æskilegt að rekstraraðili athugi nánar hvort og þá hvernig þessi aukning á vinnslu grunnvatns auk framleiðsluaukningar hafi áhrif á fráveituna og athugi hvort skoða þurfi endurbætur eða aðra tilhögun frárennslis. Umhverfisstofnun setur kröfur um úrbætur á fráveitu í starfslyfi ef hún uppfyllir ekki skilyrði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að rannsókn hafi verið unnin á lífríki fjörunnar við Kalmanstjörn m.a. við útrás fráveitu stöðvarinnar. Um niðurstöður verði fjallað í frummatsskýrslu, m.a. hvort lífríki gefi til kynna ofauðgun lífrænna efna við útrásina. Ef svo reynist vera eða að aukin framleiðsla sé líkleg til þess að einkenni ofauðgunar komi fram, verður í frummatsskýrslu fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir varðandi tilhögun frárennslis.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að mikill fjöldi fuglategunda sækir í fjöru svæðisins í fæðuleit árið um kring og því sé heilbrigði vistgerða svæðisins mikilvægt. Fylgjast þarf með mögulega lífrænni mengun og auknu magni ferskvatns við útrás og áhrif á fjöru lífríki þar sem vikið verður frá reglugerð um fráveitur og skólpi vegna sjógangs á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að stækkun stöðvarinnar muni ekki auka magn ferskvatns sem renni til fjörunnar við Kalmanstjörn. Reglulega sé fylgst með styrk næringarefna í vatni sem streymir að eldisstöðinni og frá henni og innra eftirlit með fóðurnotkun hafi nýlega verið eflt.



Skipulagsstofnun telur brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir helstu eignum í fráveitu frá starfseminni og hvernig styrkur og magn þeirra breytist í kjölfar stækkunar. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum fráveitu á lífríki fjörunnar.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Lagaskil

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að ný lög um umhverfismat taka gildi þann 1. september nk. Með þeim mun matsferlið taka töluverðum breytingum sem munu hafa áhrif á framvindu þessa verkefnis sem hér er til málsmeðferðar. Skipulagsstofnun hvetur framkvæmdaraðila og ráðgjafa til að kynna sér hin nýju lög og skipuleggja matsvinnuna með hliðsjón af þeim.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Benchmark Genetics að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir heildarframleiðslu á hverju ári eftir stækkun sem og þeim hámarkslífmassa sem gert er ráð fyrir að verði í stöðinni á hverjum tíma.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig vatnsvinnslan og álag af henni dreifist yfir árið og hversu mikil vatnsvinnslan er þegar hún er í hámarki.
3. Vinna þarf líkan sem sýnir hvernig svæðið bregst við fyrirhugaðri grunnvatnsvinnslu.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir aðrennslissvæði vatnstökunnar er sem og mögulegu áhrifasvæði hennar.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum vatnsvinnslu á vatnsból Hafna. Gera þarf grein fyrir því hvernig aðdráttur vatnstökunnar breytist í þurrkatíð og hversu langt niðurdráttar vegna aukinnar grunnvatnsvinnslu í Kalmanstjörn gætir.
6. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrif aukinnar vatnsvinnslu á lagskiptingu grunnvatns á svæðinu. Gera þarf grein fyrir því hvort aukin nýting Benchmark hafi hamlandi áhrif á nýtingu ferskvatns á svæðinu til annarra nota.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu eignum í fráveitu frá starfseminni og hvernig styrkur og magn þeirra breytist í kjölfar stækkunar. Jafnframt þarf að leggja mat á möguleg áhrif fráveitu á lífríki fjörunnar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 13. september 2021.

Reykjavík, 11. ágúst 2021

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson